

Umhverfisstarf í Hofsstaðaskóla



Skýrsla vegna endurnýjunar á Grænfána
Unnin í desember 2009

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Fyrstu skrefin.....	3
Umhverfisnefnd.....	3
Mat á stöðu umhverfismála	4
Áætlun um aðgerðir og markmið	5
Fræðsla	8
Kynning á stefnunni	10
Eitt og annað sem við erum stolt af.....	11
Framtíðarsýn.....	12
Fylgiskjöl.....	13

Fyrstu skrefin

Vorið 2003 vann hópur kennara fyrstu drög að umhverfisstefnu Hofsstaðaskóla. Skólinn hefur verið með formlega umhverfisstefnu frá hausti sama ár.

Í september 2004 varð skólinn virkur þátttakandi í *Grænfanaverkefni* Landverndar.

16. nóvember 2007 fékk Hofsstaðaskóli Grænfanann í fyrsta skipti við hátíðlega athöfn.

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd hefur verið starfrækt við skólann frá 2003. Krístrún Sigurðardóttir deildarstjóri eldri deilda er verkefnisstjóri Grænfanaverkefnisins og formaður umhverfisnefndar Hofsstaðaskóla allt frá 2003. Frá september 2003 og fram í september 2007 sátu auk hennar í nefndinni heimilisfræðikennarinn og húsvörður.

Frá september 2007 eru kennarar, stjórnendur, starfsmenn, nemendur og foreldrar í umhverfisnefnd skólans.

Í umhverfisnefnd skólans skólaárið 2009-2010 sitja eftirfarandi:

Stjórnendur; Deildarstjórar yngra og eldra stigs, Krístrún Sigurðardóttir og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir.

Kennarar; Heimilisfræðikennari, Áslaug Þorgeirsdóttir og tveir umsjónarkennarar, einn af yngra stigi, Ragna Jóhannsdóttir og annar af eldra stigi, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir.

Kennararnir hafa ýmist óskað eftir því að starfa í teyminu eða óskað hefur verið eftir setu þeirra.

Starfsmenn; Húsvörður, Gunnar Pálmason.

Nemendur; Við val á nemendum fengum við tvo nemendur af yngra stigi, þeir koma úr 4.

bekk, Agnes Gunnarsdóttir og Kári Georgsson. Fimm nemendur eru af eldra stigi, Guðrún Lóa Sverrisdóttir, Jón Arnar Árnason, Rannveig Eva Snorrardóttir, Bjartur Helgason og Einar Hrafn Árnason. Kennarar í viðkomandi árgöngum bentu á áhugasama nemendur.

Foreldri; Kristbjörg Ágústsdóttir foreldri.



Frá fundi umhverfisnefndar í október 2009

Umhverfisnefndin hefur fundað að meðaltali tvisvar sinnum á ári.


Í umhverfisnefndinni hafa verið lagðar helstu línur í umhverfismálunum, umhverfistefnan endurskoðuð og markmið sett. Einn meðlimur í ráðinu tekur að sér fundarstjórn og annar ritar fundargerð (sjá fylgiskjal 1). Nokkrum sinnum eru smærri fundir og vinnufundir með aðilum úr umhverfisnefndinni í tengslum við ýmis konar verkefni.



Umhverfigæslan að störfum

Umhverfigæsla hófst á vorönn 2008 og var virk yfir skólaárið 2008-2009 en hún er hugsuð til að fylgja markmiðum í umhverfisstefnu skólans betur eftir. Þá fóru nemendur í umhverfisnefnd ásamt deildarstjórum í allar bekkjarstofur til að taka út frammistöðu bekkjanna. Eftirfarandi fimm þættir voru metnir: Frágangur á fernum, pappír, rusli,

fatahengi og hvort slökkt var á ljósum í mannlausu herbergi. Bekkirnir gátu fengið grænt spjald sem þýðir að ástanið sé mjög gott og a.m.k. 4-5 atriði í lagi. Ef bekkurinn var með 3 eða færri atriði þá fékk hann ekkert spjald. Í meðfylgjandi súluriti sést hversu margir bekkir fá grænt spjald og hversu margir bekkir fá ekkert spjald (litað rautt) á þriggja mánaða tímabili.



Mat á stöðu umhverfismála

Á fundum umhverfisnefndar er rætt um stöðu umhverfismála í skólanum. Einnig hafa verið haldnar kynningar á starfsmannafundum. Þar hafa starfsmenn skólans komið með ábendingar um hvað mætti betur fara. Umhverfisnefndin hefur fyllt út gátlista Landverndar og leitað eftir upplýsingum hjá þeim er málið varðar (sjá fylgiskjal 2).

Áætlun um aðgerðir og markmið

Haustið 2003 varð umhverfisstefna Hofsstaðaskóla til. Hún byggir á tillögum sem hópur kennara í skólanum vann vorið 2003. Verkefnastjóri verkefnisins vann síðan umhverfisstefnu skólans með hliðsjón af þeim tillögum sem hefur verið að mestu óbreytt frá upphafi.

Markmið með umhverfisstefnu Hofsstaðaskóla er að starfsfólk og nemendur skólans taki höndum saman um að vinna markvisst að jákvæðri umhverfisstefnu með því að:

- vera meðvitaður um gildi þess að ganga vel um náttúruna og geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar
- tengja skólann við umhverfið
- geta greint jákvæðan áróður frá neikvæðum
- efla færni okkar og nemenda í að takast á við umhverfismál á jákvæðan hátt
- starfsfólk og nemendur verði meðvitaðir um hversu mikið af sorpi fellur til daglega og leggi sitt að mörkum til að draga úr því
- umhverfisvernd verði samvinna heimila og skóla
- umhverfisvernd verði kennd markvisst í öllum árgöngum skólans með samþættingu námsgreina

Árlega eru markmið endurskoðuð. Eftirfarandi markmið eru fyrir skólaárið 2009-2010 og voru þau samþykkt á fundi umhverfisnefndar í október 2009.

Skólaárið 2009-2010 einbeittum við okkur að eftirfarandi þáttum:

- Draga úr pappírnotkun og flokka þann pappír sem til fellur
- Draga úr notkun á drykkjarfernum og safna þeim sem til falla
- Draga úr sorpi og flokka sorp
- Draga úr notkun á einnota umbúðum og endurnýta umbúðir sem til falla í skólanum
- Safna bylgjupappa og fara með í endurvinnslu
- Stuðla að vatnsdrykkju
- Ganga vel um umhverfið og hreinsa skólalóð
- Draga úr rafmagnsnotkun
- Auka útikennslu og útveru nemenda
- Auka fræðslu í umhverfismennt
- Minnka bílaumferð við skólann þ.e. hvetja alla til þess að ganga/hjóla í skólann



Nokkuð vel hefur gengið að framfylgja markmiðum umhverfisstefnunnar hverju sinni og hafa orðið heilmiklar framfarir á mörgum sviðum. Umhverfisnefndin er virk í eftirliti þ.e. hvort farið sé eftir umhverfisstefnunni (sjá nánar um umhverfisnefnd).

Draga úr pappírnotkun og flokka þann pappír sem til fellur

Dregið hefur úr pappírnotkun í skólanum og hafa nemendur og kennarar verið duglegir að endurnýta pappír eins og kostur er svo sem með því nota pappír úr endurvinnslukassa. Kennarar ljósrita báðum megin á blöð ef kostur er og ljósrita ekki að óþörfu. Litaprentari er notaður í lágmarki. Þá fara skilaboð heim til nemenda, oftast í tölvupósti og upplýsingar eru birtar á heimasíðu svo sem námsvísar, skóladagatal o.fl. Í hverri skólastofu er kassi fyrir pappír sem ljósritunarpappír er safnað í. Sama á við í öðrum herbergjum skólans. Pappírnum er skilað til endurvinnslu.



Draga úr notkun á drykkjarfernum og safna þeim sem til falla

Endurvinnanlegum drykkjarumbúðum hefur verið safnað saman í skólanum síðan 2003 og þeim skilað í endurvinnslu. Í byrjun skólaárs 2007 var kynnt ný stefna varðandi fernumál í skólanum, en þá voru nemendur hvattir til að koma ekki með fernudrykki en drekka frekar vatn í margnota glösum sem geymd eru í skólanum. Þeir nemendur sem koma með drykki að heiman eru hvattir til að koma með þá í endurnýtanlegum umbúðum s.s. brúsum. Þetta verkefni hefur gengið vonum framar og hefur fernunotkunin dregist verulega saman. Einnig geta nemendur keypt áskrift í mjólk sem þeir sækja í „mjólkurbelju“. Engar mjólkurvörur hafa verið seldar í skólanum frá hausti 2006.

Draga úr sorpi , flokka sorp og endurnýta

Í skólanum falla til ýmsar umbúðir s.s. jógúrt dósir, skyrdósir, plastbakkar undan jógúrt o.fl. Þessar umbúðir eru endurnýttar og notaðar í ýmis verkefni. Pappakössum sem til falla í skólanum er skilað til endurvinnslu svo og rafhlöðum.

Vatn er auðlind – stuðla að vatnsdrykkju

Í mótuneyti skólans er boðið upp á vatn með matnum. Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að drekka vatn. Vatnsvél var sett upp á kaffistofu starfsmanna haustið 2007 og er mikil ánægja með hana.

Draga úr rafmagnsnotkun

Vel hefur gengið að draga úr rafmagnsnotkun í skólanum. Haustið 2007 byrjaði markviss vinna við í tengslum við orkunotkun t.d. með því að hengja upp miða við alla slökkvara í skólanum sem minna okkur á að slökkva ljósin. Árangurinn hefur ekki leynt sér.

Ganga vel um umhverfið og hreinsa skólalóð

Nemendur hafa hreinsað skólalóðina frá 2005. Í hverri viku fer einn bekkur út að hreinsa skólalóðina. Gúmmíhanskar og pokar eru geymdir á ákveðnum stað í skólanum. Hr. Lóði (sem minnir okkur á hreinsun á skólalóð) fer á milli bekkja samkvæmt skipulagi ásamt leiðbeiningum varðandi hreinsun á skólalóðinni

Nemendur hafa tekið þátt í hvatningarverkefnum á vegum bæjarins. Nemendur í 2. og 6. bekk unnu saman að hreinsun Arnarneslækjar vorið 2008 og 2009 og fengu að launum hvatningastyrk frá bænum.



Einnig hreinsaði 4. bekkur rusl fyrir utan skólalóðina sl. vor og 3. bekkur vorið 2008.

Nemendur eru hvattir til að ganga vel um umhverfið bæði innan dyra og utan. Umsjónarmenn sjá um að sópa skólastofuna í loka dags svo og að strjúka af borðum. Þá fara allir úr útiskóm í anddyrum.

Auka útikennslu, útveru nemenda og fræðslu í umhverfismennt

Skólaárið 2008-9 var fræðslu starfsmanna sinnt nokkuð vel. Kennarar og þroskaþjálfar í Hofsstaðaskóla tóku þátt í námskeiði undir stjórn Hlínar Helgu og Gunnars Barkar Jónassonar. Það voru haldnir fyrirlestrar, gerðar tilraunir og unnin verkefni sem tengjast náttúrufræði, eðlisfræði, útikennslu og einstaklingsmiðuðu námi. Í lok námskeiðsins unnu þátttakendur í hópum að verkefnabanka í útikennslu sem vonandi á eftir að nýtast skólastarfinu vel í framtíðinni.



Stefán Gíslason umhverfistjórnanarfræðingur hélt skemmtilegt erindi fyrir starfsmenn í október 2008 sem fjallaði m.a. um mikilvægi fullorðna fólksins sem fyrirmýnda og frumkvöðla í umhverfisstarfinu.

Síðasta haust voru kennarar hvattir til þess að samþætta útikennslu öllum námsgreinum þannig að hún komi inn í flestar námsgreinar. Kennarar áttu að gera ráð fyrir henni við gerð kennsluáætlana a.m.k. einu sinni í mánuði í hverri grein. Þeir sem kenna list- og verk/hringekju eiga einnig að hafa þetta í huga og miða við að fara a.m.k einu sinni út með hvern hóp. Með þessu er verið að gera útikennsluna sýnilegri í náminu án þess að festa hana á stundartöflu. Til að fylgjast með hvernig og kanna hvort útikennslu og fræðslu í umhverfismennt sé sinnt er m.a. stuðst við kennsluáætlanir og ársskýrslu kennara. Sjá kafla um fræðslu.

Minnka bílaumferð við skólann

Skólinn hefur tekið þátt í tveimur verkefnum, öðru að vori og hinu að hausti. Verkefni hafa fallið vel að því að minnka bílaumferð við skólann en þau eru annars vegar verkefnið “Gengið í skólann” og hins vegar verkefnið “Hjólað í skólann”. Þessi verkefni hafa tekist afar vel og mikil þátttaka meðal nemenda og starfsmanna. Þátttakan hefur líka aukist ár frá ári, svo dæmi sé tekið þá var þátttaka í verkefninu „Göngum í skólann” haustið 2008 um 85% meðal nemenda. Haustið 2009 fór þátttaka nemenda í 92%. Veittur var Gullskór fyrir besta árangur á yngra og eldra stigi.



Í maí 2008 tóku starfsmenn þátt í verkefninu „Hjólað í vinnuna“ og þátttaka var mjög góð. Ári síðar tóku bæði nemendur og starfsmenn þátt í verkefninu. Þátttaka og áhugi nemenda var alveg frábær en að meðaltali komu 93% nemenda hjólandi eða gangandi í skólann þessa daga. Starfsmenn stóðu sig einnig mjög vel en um það bil 75% þátttaka var í starfsmannahópnum.

Fræðsla

Útikennsla og fræðsla um umhverfismál eru samofin. Rík hefð er í Hofsstaðaskóla að fara í vettvangsferðir en í tengslum við þær fræðast nemendur meðal annars um umhverfismál. Dæmi um skemmtilegt umhverfisverkefni er Vífilsstaðaverkefnið sem unnið hefur verið í Hofsstaðaskóla frá hausti 2000. Nemendur í 6. bekk læra um lífríkið í og við Vífilsstaðavatn



Nemendur í 6. bekk taka sýni úr Vífilsstaðalæk

og fara síðan í vettvangsferð þar sem þeir skoða umhverfið, taka sýni úr vatninu og Vífilsstaðalæk, greina plöntur í umhverfinu og átta sig á örnefnum



Nemendur í 4. bekk vinna verkefni um sorpið þar sem þeir fræðast um flokkun á sorpi, mengun sem getur fylgt því og gildi þess að ganga vel um umhverfið. Hluti af fræðslunni fer fram í vettvangsferð í Sorpu. Einnig fara nemendur í 4. bekk í gróðursetningaferð að vori þar sem þeir fræðast um gildi þess að sinna landgræðslu. Undanfarin tvö ár hafa

nemendur gróðursett við Hofsstaðaskóla.

Nokkur dæmi um vettvangsferðir nemenda í Hofsstaðaskóla frá nóvember 2007 – desember 2009.

1. bekkur: Umhverfi skólans mikið notað, Gálgahraun, fjaran í Garðabæ og Hellisgerði í Hafnarfirði.

2. bekkur: Blóma- og berjaferð í Garðabæ, ferðir í nágrenni skólans, bæjarferð til Reykjavíkur og fjöruferð í Garðabæ.

3. bekkur: Fjöruferð og gönguferð í Gálgahraun, Reykjavíkurferð, hjólaferð og ferð í Húsdýragarðinn.

4. bekkur: Sorpa skoðuð í tenglum við fræðslu um umhverfis og sorpmál. Farið í nokkrar göngu- og skoðunarferðir í nágrenni skólans svo og hjólaferð og ratleik.

5. bekkur: Ferðir í nágrenni skólans, gangandi og hjólandi. Heimsókn í minjagarðinn að Hofsstöðum. Vettvangsferð í miðbæ Reykjavíkur og á Landnámssýningu Þjóðminjasafnsins og í Aðalstræti. Heimsókn í Rafheima.

6. bekkur: Ferðir í nágrenni skólans. Hjólaferð á Álftanes og í Heiðmörk. Útikennsla við Vífilsstaðavatn, Sögusýningin í Perlunni í tengslum við Snorrasögu. Nemendur taka þátt í verkefninu „Vinumorgunn í Húsdýragarðinum“.

7. bekkur: Ferðir í nágrenni skólans og hjólaferð í Heiðmörk. Ferð að Gljúfrasteini heimili Halldórs Laxness í tengslum við ljóðakennslu.



Vikuferð að Reykjum í Hrótafirði þar sem mikil áhersla er lögð á umhverfis og útikennslu.

Vorferð 5., 6. og 7. bekkja í vor var hjólferð í Vífilsbúð í Heiðmörk.

Umhverfismennt er hluti af námskrá allra árganga skólans og samþættist við námsgreinar þegar við á. Til dæmis fer fram margskonar fræðsla í heimilisfræði þar sem fjallað er um umhverfis- og endurvinnslumerki, auglýsingar og slysaþættu, flokkun á sorpi og moltugerð svo eitthvað sé nefnt.

Önnur verkefni

Í nóvember 2007 tók Hofsstaðaskóli þátt í sýningu á Garðatogi í tengslum við „Dag umhverfisins“. Ýmis verkefni sem nemendur höfðu unnið og tengdust umhverfisfræðslu voru til sýnis.

Í september 2008 var einn dagur skilgreindur sem útivistardagur þar sem allir árgangar voru hvattir til að fara út og vinna útivistar- eða umhverfistengd verkefni. Auk þessa taka allir árgangar skólans þátt í skipulagðri útivist nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Nemendur í 6. bekk í smíði taka þátt í lampasamkeppni þar sem gamall efniviður er nýttur til hins ýtrasta.



Vorið 2007 unnu nokkrir nemendur

í 5. og 6. bekk að því að útbúa „Vinastól“ þar sem þeir nýttu gamlan efnivið, stóla og afsag af MDF plötum. Stóllinn er varðveittur á Hönnunarsafni Garðabæjar



Umferðardagur var haldinn í byrjun júní 2008 þar sem nemendur tóku þátt í ýmsum þrautum á hjólum, línuskautum, hlaupahjólum og öðrum verkefnum sem tengdust umferð og fræðslu á einhvern hátt. Einnig fóru nokkrir árgangar í hjóla- eða gönguferð í nágrenni Garðabæjar.

Kynning á stefnunni

Kynningar hafa verið á ýmsa vegu. Stefnan hangir á veggjum skólan, hún er á heimasíðunni og einnig hefur hún verið kynnt á íbúafundi Garðabæjar um umhverfistarf. Þá var haldin kynning fyrir fulltrúa í foreldrafélaginu. Skýrsla umhverfisnefndar birtist í ársskýrslu skólans

á hverju ári. Nemendur í umhverfisnefnd fara í stofur ásamt deildarstjórum til að kynna stefnu skólans og markmið starfsins.

Umhverfisvefur Hofsstaðaskóla var opnaður á heimasíðu skólans vorið 2008.

Eitt og annað sem við erum stolt af

- Árið 2003 steig skólinn fyrstu umhverfisskrefin sín með því að setja sér umhverfisstefnu og markmið.
- Frá 2005 hafa nemendur hreinsað skólalóð vikulega.
- Sama ár var farið í aðgerðir um að minnka pappírnotkun og endurnýta pappír sem fellur til í skólanum.
- Haustið 2005 var unnið þemaverkefnið „**Á grænni grein**“ þar sem endurnýting var rauði þráðurinn í gegnum þemað
- Umhverfisvænir plastpokar notaðir þar sem hægt er.
- Rafmagnspurrkur á salernum.
- Sala á mjólkurvörum í einnota umbúðum hætt haustið 2006.
- Haustið 2007 var farið í aðgerðir til að spara rafmagn. Allir starfsmenn og nemendur voru hvattir til að slökkva á ljós í mannlausum herbergjum og miðar hengdir upp við hvern slökkvara í skólanum.
- Pappír er flokkaður og endurunninn svo og fernum og annað s.s. rafhlöður. Einnig eru nemendur skólans hvattir til að endurnýta sem mest af þeim pappír sem tilfellur í skólanum t.d. sem rissblöð, í stærðfræði og til föndurgerðar.
- Kennarar eru hvattir til að endurnýta umbúðir og annað sem til fellur og nýta í verkefni og föndur.
- Hugað að því að nota umhverfisvænar ræstivörur og þannig er unnið í því að gera þrif skólans sem vistvænust.
- Örtrefjaklútar eru notaðir við ræstingu og sápunotkun því í lágmarki.
- Kennarar skrá vikuáætlun í Mentor.
- Tölvupóstur og heimasíðan notuð í auknu mæli í stað töskupósts.
- Íþróttadagur á vorin hefur fest sig í sessi í skólanum.
- Heimasíða skólans gerð skilvirkaði s.s. meira lagt upp úr því að setja inn fréttir úr skólalífinu og þar með að gera þær aðgengilegar rafrænt.
- Skipulögð útivist með gönguferð, ratleik eða leikjum reglulega yfir skólaárið hjá öllum árgöngum



- Umhverfisstefna og markmið sýnileg á ýmsa vegu t.d. í öllum skólastofum og á heimasíðu http://www.hofsstadaskoli.is/Um_skolann/fylgiskjol_skrar/Umhverfisstefna2007_2008.pdf
- Kynningar á starfsmannafundum, þar hafa t.d. aðilar í umhverfisteypinu kynnt sína vinnu og farið yfir skref grænfánans.
- Tölvupóstur sendir á starfsmenn skólans – minnt á ýmislegt sem betur má fara varðandi umhverfisstefnu skólans.
- Umhverfisvænar jólakveðjur í tölvupósti.
- Góð nýtinga á efni og afgangum í list- og verkgreinum.

Framtíðarsýn

Umhverfisstefnan þarf að tengjast og vera virk í öllum námsgreinum. Við teljum að margt hafi áunnist í umhverfismálum skólans á síðustu fjórum árum en erum jafnframt meðvituð um að stöðugt eftirlit, fræðsla, fundir og eftirfylgni sé nauðsynleg. Það er margt sem betur má fara en það finnst okkur eðlilegt á eins stórum vinnustað og Hofsstaðaskóli er, en þar eru nemendur rúmlega 400 og starfsmenn um 60.

Markmið og framtíðarsýn nefndarinnar er að umhverfisstefna skólans verði sjálfsagður hluti daglegs lífs nemenda og starfsfólks Hofsstaðaskóla.

Margt hefur áunnist í umhverfismálum síðan Hofsstaðaskóli varð „Skóli á grænni grein” og vonumst við til að uppfylla þau skilyrði sem þarf til að fá að halda áfram að flagga Grænfánanum næstu tvö árin.

Fyrir hönd umhverfisráðs Hofsstaðaskóla 18. janúar 2010

Margrét Harðardóttir, skólastjóri

Kristrún Sigurðardóttir

Fylgiskjöl